

Laugarvatn. Rennsli frá hver

Pórólfur H. Hafstað

Greinargerð PHH-98-04

31. mars 1998

Laugarvatn Rennsli frá hver

Að beiðni Friðriks Friðjónssonar var rennsli frá hvernum mælt þann 31. mars 1998. Miðað var við að mat fengist á hversu mikið heitt vatn væri til ráðstöfunar umfram notkun. Hlýtt var í veðri og hefur vatnsnotkun á staðnum því verið með minna móti þegar mælingin var gerð. Heimamenn telja á hinn bóginn að rennslissveiflur séu ekki stórvægilegar.

Ekki er vitað hve mikið vatn er notað á staðnum, enda athugun þessari einungis beint að umframrennslinu.

Rennsli var ýmist mælt með 40 l kari og skeiðklukku, um v-laga yfirfallsstíflu eða í rennu með réttthyrningasyfirfalli.

Niðurstöður mælinganna eru þessar:

Hvar mælt	mæliaðferð	rennsli
Yfirfall frá dæluþró (A)	v-yfirfallsstífla	2.0 l/s
Yfirfall frá hver (B)	kar og skeiðklukka	5.8 l/s
Rennsli úr þvottahúspró (C)	kar og skeiðklukka	2.2 l/s
Leki á lögn frá hver (=D-A-C)	rétthyrningsyfirfall ofl.	2.3 l/s
Rennsli alls	ýmsar aðferðir	12.3 l/s

Til þess að koma höndum yfir þetta vatn þarf ekki miklar aðgerðir. Lekann á lögninni milli hvers og dæluþróar má stöðva; hins vegar þarf nokkrar steypuviðgerðir til að ná vatni úr gömlu þvottahúsprónni.

Þá má er benda á að rennsli frá brunnni við gufubað var mælt 2.5 l/s þann 11. september 1996.

Hitastig á því vatni, sem um hefur verið rætt, er á bilinu 85° - 94°C. Einnig er umtalsvert vatnsmagn í Vígðulaug og við gróðurhús þar uppaf, en hiti þess er mun lægri.

kveðja,
Þórólfur H. Hafstað

MÁ EKKI FJARLÆGJA